

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð, nr. 58 21. febrúar 1973, um holræsi í Hafnarhreppi, Höfn, Hornafirði.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standast þann kostnað er húseigendum, sem eiga hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald til sveitarsjóðs, sem nemur 0.20% af fasteignamatsverði húss og lóðar, samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 frá 29. apríl 1963.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei lægri vera en kr. 1500.00.

Holræsagjaldið er miðað við byggingarvísitölu 1986 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er í árslok hverju sinni, þó ekki yfir 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um vatnsveitu á Höfn í Hornafirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns, á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og einnig til hafnarinnar í Hornafirði.

2. gr.

Stjórn vatnsveitunnar skipa 3 aðalmenn og 3 til vara, kosnir af hreppsnefnd Hafnarhrepps til fjögurra ára. Byggingarfulltrúi skal vera einn aðalmanna. Annast